



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2792
komudagur. Alþingi 2008

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 13. maí 2008

Tilvísun: 2008040248

50.03

Tilvísun yðar: þskj. 835-534. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 22. apríl sl., þar sem farið er fram á umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2010, 534. mál.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemd við tillöguna og telur jákvætt að lögregla og barnaverndaryfirvöld vinni að því að efla og þróa samstarf í málefnum barna. Vakin er athygli á því að fulltrúar ríkislögreglustjóra, Barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar f.h. félagsmálastjóra, Barnaverndar Reykjavíkur og Barnaverndarstofu vinna nú að gerð verklagsreglna um tilkynningarskyldu lögreglu til barnaverndarnefnda. Í ársbyrjum 2004 var tekið upp það verklag að opna fyrir tilkynningar í barnaverndarmálum í gegnum Neyðarlínuna - 112 og þykir það fyrirkomulag hafa tekist vel.

F.h. RLS

Guðmundur Guðjónsson / Thelma Cl. Þórðardóttir